

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 19. september 2018

Mætt: Sigríður Prúður, Fjóla, Signý, Helga, Bergrún, Anna Rós, Björg.

Dagskrá:

1. Verkskipulag stjórnar:

Stjórnin skiptir með sér verkum. Nú vantar nýjan formann. Signý áfram gjaldkeri og Björg ritari. Ákveðið að skipta verkum og dreifa álagi sem mest og best á meðan leit að formanni stendur yfir.

Foreldrarölt: Fjóla og Bergrún.

Fulltrúi í Samkóp: Anna Rós.

Skólaráð: Sigríður Prúður og Örn Guðmundsson.

2. Starfsemi vetrarins:

- Viðburðir: Jólafundur (yngsta stig) – vorhátíð (miðstig) – foreldrarölt (unglingastig)
- Öskudagsskipulag.
- Aðrir viðburðir, fyrirlestrar f. foreldra – nokkrar hugmyndir ræddar.

3. Fjármál:

Föst útgjöld: Gjöld í Samkóp – styrkir fyrir Reykjaferð og Laugaferð (1500 á mann) – styrkir til 10. bekkjarferðar. Bekkjarstyrkir: 10.000 kr. á bekk.

Greiðsluseðlar sendir út fljótlega.

Annað:

- Umræður um samskiptaleiðir: t.d. láta bekkjarfulltrúa senda á sína árganga og fá skólann til þess að senda.
- Bæta samskipti stjórnar og bekkjarfulltrúa. Venjulega hefst starfið með námskeiði/kynningarfundum að hausti. Stefnt að slíku um leið og bekkjarfulltrúarlistar eru komnir.
- Stjórnin ræddi um að hafa fasta fundartíma og ákvað næstu fundi – og láta Steinar í Ekkó vita svo hægt sé að vera í samstarfi.

Fundi slitið